

Hafnarfirði 03.12..2018

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar

Rósa Guðbjartsdóttir

Varðar starfsemi Skógræktarfélags Hafnarfjarðar og samning milli félagsins og Hafnarfjarðar.

Fyrir hönd Skógræktarfélags Hafnarfjarðar viljum við þakka fyrir góðan fund sem við 3 fulltrúar félagsins áttum með þér þann 20. nóvember s.l. Niðurstaða fundarins var sú að við skyldum færa þær óskir okkar sem fram komu á fundinum í formlegt erindi sem er hér eftirfarandi í 4 liðum:

1. Endurskoðun á samningi Skógræktarfélags Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðar frá 2011-2031.

Við óskum eftir að taka til endurskoðunar og uppfærslu byggðri á reynslu, fáeina liði í samningi skógræktarfélagsins við Hafnarfjörð. Sérstaklega viljum við óska eftir endurskoðun á 7.gr. samningsins sem kveður á um greiðslu til félagsins, en eins og stendur í samningnum: "Hvor aðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á fjárhæðinni á samningstímanum." Eins og fram kom í samtali okkar hefur starfsemi félagsins vaxið jöfnum höndum undanfarna áratugi með stækkanzi yndisskógi, viðhaldi hans, stígagerð ofl. og er framlag félagsins til alls þessa hóflega reiknað vel yfir 50 milljónum króna árlega. Árlegar greiðslur Hafnarfjarðar til félagsins voru á árinu 2005 12 miljón krónur (launavísitala janúar 261,1). Við endurskoðun samningsins 2011 stóð til að hækka þær greiðslur miðað við launavísitölum í 17 miljón krónur (launavísitala janúar 383,2) en var hætt við það vegna bágrar stöðu bæjarsjóðs á þeim tíma. Því var föst upphæð höfð óbreytt. Framreknaðar 12 miljónir frá 2005 miðað við launavísitölum í október 2018 (669,6) eru 30,7 milljón króna.

2. Endurskoðun deiliskipulags umráðasvæðis Skógræktarfélagsins við Höfða.

Á árinu var send inn fyrirspurn til Skipulags- og byggingarráðs með ósk um heimildir fyrir auknu byggingarmagni á lóð félagsins. Ráðið tók jákvætt í þessar óskir og bókaði: "Skipulags- og byggingarráð tekur jákvætt í erindið og heimilar lóðarhafa/umsækjanda að vinna tillögu að deiliskipulagsbreytingu á sinn kostnað." Þessari sjálfboðavinnu er nú lokið og í tillögu að deiliskipulagsbreytingu sem nú er tilbúin að senda inn til ráðsins, óskar Skógræktarfélagið til viðbótar við framkomnar byggingarheimildir eftir stækkan lóðar félagsins – einkum vegna nauðsynlegs geymslu- og lagersvæðis fyrir efni, tæki, gáma og þess háttar, svo og að hafa á sinni lóð aðstöðu í skóginum næst Höfða fyrir útikennslustofu, skyggni yfir setbekki sem nú þegar hefur verið byggt en mætti bæta og gera aðgengilegra fyrir leikskóla bæjarins.

3. Styrkur vegna stækkunar Selsins, aðstöðuhúss félagsins.

Yfir sumartímann eru á vegum félagsins allt að 50 ungmenni í vinnu í upplandinu. Stærri hlutinn er vinnhópur frá Landsvirkjun, en hjá okkur eru einnig ungmenni úr Vinnuskóla Hafnarfjarðar. Allur þessi hópur þarf að nýta Selið, mjög þrónga aðstöðu félagsins sem matar- og kaffistofu með einu salerni auk þess að leita skjóls og hafa fataskipti þegar vont er veður. Hóparnir vinna mjög þarf starf í viðhaldi og frágangi upplandsins svo sem stígagerð og skógrækt og viljum við því reyna eftir megni að festa í sessi og

mæta þörfum þessa hóps. Við höfum metnað í að aðstaða okkar uppfylli skilyrði Vinnueftirlits og Heilbrigðiseftirlits og þurfum því nauðsynlega að gera bragarbót. Til þess þarf u.þ.b. að tvöfalta stærð Selsins með stækkan. Þessi aukna aðstaða gæti orðið til þess að við getum einnig betur boðið leik- og grunnskólum bæjarins upp á aðstöðu á veturna. Þau njóta þess að vera í "útkennslustofunum" í skóginum yfir sumartímann en eftirspurn er talsverð eftir inniaðstöðu á veturna sem við myndum vilja sinna með fullnægjandi aðstöðu og geta með sóma boðið skólunum til okkar. Í tillögu að deiliskipulagi er farið fram á stækkan byggingarreits fyrir Selið til að mæta ofangreindri stækkan. Hún er fyrst og fremst til að fullnægja þörfum vinnuflokkanna á sumrin en myndi auðvelda okkur að gera betur við leikskólana en við getum í dag. Í umræddri tillögu að deiliskipulagsbreytingu er til lengri framtíðar gert ráð fyrir byggingarreit fyrir kennslustofu á öðrum stað innan lóðar félagsins ef grunur okkar reynist réttur að þessi aðstaða fái mjög jákvæðar viðtökur innan skólanna. Við viljum því óska eftir því að bærinn komi að þessari stækkan sem fyrsta áfanga í að bæta aðstöðuna, og horfa síðar til reynslunnar með áframhald. Í 7.gr. ofangreinds samnings er gert ráð fyrir sérstökum samningum um nýframkvæmdir sem við teljum að þessi ósk félagsins falli undir.

4. Umsókn um stækkan skógræktarsvæðis í Undirhlíðum og ræktun jólatrjáa í námubotni.

Á s.l. ári óskaði Skógræktarfélag Hafnarfjarðar með bréfi og skýringarmyndum til Skipulags- og byggingarráðs, eftir að fá stækkan á svæði til skógræktar í Undirhlíðum sem og að fá að þróa jólatrjáarækt í námubotninum við Bláfjallaveg. Formlegt svar hefur ekki borist. Öll framkvæmd og skipulagning þess er að sjálfsögðu hugsuð í sátt við náttúruna og umhverfisvernd. Við teljum að ræktun jólatrjáa sé hagkvæmt umhverfismál sem við viljum vera í fararbroddi með.

Við vonum að þessar óskir okkar fái jákvæðar viðtökur hjá bæjaryfirvöldum og lýsum okkur reiðubúin til viðræðna og samstarfs á öllum stigum, í anda þess góða samstarfs sem við höfum ætíð átt við ráðamenn og embættismenn bæjarins.

Virðingafyllst

F.h. Skógræktarfélags Hafnarfjarðar



Sigurður Einarsson, formaður stjórnar